

Fundargerð aðalfundar Ský 28. febrúar 2017.

16:40 fundur settur.

Stjórnarformaður (Guðjón) tekur til máls og kynnir skýrslur stjórnar sem er aðgengileg öllum. Rætt er um helstu atriði sem listuð voru upp í dagskrá og helstu tölur tilgreindar. Þar þar helst að félagsmönnum fækkaði örlítið um en að öðru leyti hafi tölur verið jákvæðar. Næst er kynnt að nefndir og starfshópar muni kynna sýnar ársskýrslur.

Skýrslur nefnda og starfshópa:

Heiða tekur næst til máls fyrir orðanefnd og hún og Sigurður eru mætt fyrir hönd þeirrar nefndar. Kynnt er skýrsla nefndarinnar en ljóst að mikið og stórt verkefni er framundan sem þarfnast aukins stuðnings.

Næst tekur til máls Ásrún og kynnir skýrslu Ritnefndar sem og áherslur og þema fyrir tölvumál þetta árið. Erfitt hefur verið að manna þessa nefnd

Ingvar Hjálmarsson kynnir því næst skýrslu Fókus þar sem tvær ráðstefnur voru haldnar. Hörður helgi, fráfarandi formaður Öryggishópsins, kynnir skýrslu hópsins.

Fjarskiptahópur kynnir skýrslu sína þar sem bent er á tvær ráðstefnur sem heppnaðist vel auk þess að aukning hafi verið í hópnum á tímabilinu. Hjörtur kynnir fyrir hönd Rafræn opinber þjónustu og talar um mikla endurnýjun í stjórn faghópsins og að einn hádegisfundur hafi verið haldinn.

Enginn var mættur fyrir hönd hugbúnaðarhópsins og engin skýrsla kynnt. Því næst tekur Díana til máls fyrir hönd Vefstjórnunarhópsins sem er nú stærsti hópurinn og hélt í heild 6 viðburði. Þau nota óformlegar leiðir til að plana atburði sem virðist hafa tekist vel til.

Lárus tekur næst til máls fyrir Rekstrarhóp og talar um að einn fundur hafi verið haldinn af hópnum. Þorsteinn lýsir því næst að öldungadeild hafi verið dugleg að hittast og haldnir hafi verið þrír fundir með áherslu á sögu UT á Íslandi, minjasöfnun og varðveislu.

Menntunarhópur hittist og voru þrír fundir haldnir með áherslu á hugbúnaðarþróun.

Kostningar og tilnefningar:

Engin tilnefning var til heiðursfélaga

Kosið var um ársreikning félagsins og samþykkt einhljóða.

10% hækkun félagsgjalda borin upp og samþykkt einhljóða.

Stjórnarkjör borin upp til kosningar og samþykkt og Guðjón kjörin stjórnarformaður.

Kosning skoðunarmanna samþykkt einhljóða.

Því næst var kosið í nefndir og allt samþykkt einhljóða en ekki kosið í hugbúnaðargerð þar sem enginn mætti en ákveðið að stjórn Ský reyni að manna stjórn hugbúnaðarhópsins.

Önnur mál

Öldungadeild ber fram tillögu um að stofnaður verði nýr hópur til að tryggja að sú þekking fortíðar gleymist ekki og reynt verði að tryggja að hún muni nýtast til framtíðarmeð einhverju móti.